

AFS á Íslandi

Ársreikningur
[1.8.2021 - 31.7.2022]

&Pálsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félaga í AFS á Íslandi

Ég hef kannað meðfylgjandi ársreikning AFS á Íslandi fyrir rekstrarárið sem endaði 31. júlí 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og sundurliðanir.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri bera einnig ábyrgð á því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð mín felst í ályktun þeirri sem ég læt í ljós á ársreikningnum. Könnun mín var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um könnun ISRE 2400 (Revised). Samkvæmt þeim staðli ber mér að álykta um hvort eitthvað hafi komið í ljós við könnunina sem fær mig til að efast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Staðallinn krefst þess einnig að ég hliti viðeigandi ákvæðum siðareglna.

Könnun ársreikninga í samræmi við ISRE 2400 (Revised) er verkefni sem felur í sér takmarkaða staðfestingu. Könnun felur fyrst og fremst í sér fyrirspurnir til starfsmanna ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum eftir því sem við á og mati okkar á framlögðum gögnum.

Þær aðgerðir sem framkvæmdar eru við könnun eru mun minni en þær sem framkvæmdar eru við endurskoðun sem unnin er samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Þar af leiðandi læt ég ekki í ljós endurskoðunarálit.

Ályktun

Við könnun mína kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu félagsins á rekstrarárinu 1.8.2021 - 31.7.2022 og efnahag þess 31. júlí 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 25. september 2022



Sigurður S. Pálsson
Löggiltur endurskoðandi

Ég undirritaður félagskjörinn skoðunarmaður AFS á Íslandi hef yfirfarið ársreikning þennan og tel hann vera í samræmi við ákvæði laga og samþykktir félagsins og legg til að hann verði samþykktur.

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

AFS á Íslandi eru félagasamtök og starfa á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir. AFS eru alþjóðleg fræðslusamtök sem starfa í yfir 50 löndum í öllum heimsálfum. Aðalviðfangsefni samtakanna hér á landi eru nemendaskipti ungmenna á aldrinum 15-18 ára.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var tap tímabilsins 1.8.2021 - 31.7.2022 kr. 1.260.699. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 27.862.621. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn AFS á Íslandi staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1.8.2021 - 31.7.2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. september 2022

Páll B. Wolf
Sólveig Völlgal sd
Pewo Hjörturo Ólafsdóttir
~~Katrín~~
Guðrún

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðanda	2
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Skýringar	7-10
Sundurliðanir	11-12

Nafn: AFS á Íslandi
Kennitala: 630975-0269
Heimilisfang: Skipholt 50c
Sveitarfélag: 105 Reykjavík

Rekstrarreikningur 1.8.2021 - 31.7.2022

Rekstrartekjur	Skýr.	1.8.2021 - 31.7.2022	1.8.2020 - 31.7.2021
Rekstrartekjur	9.	92.140.582	56.275.609
		92.140.582	56.275.609
 Rekstrargjöld			
Rekstrargjöld íslenskir nemar	10.	27.030.470	15.051.110
Rekstrargjöld erlendir nemar	11.	2.564.545	609.066
Rekstrargjöld sendra og hýstra		29.595.015	15.660.176
 Laun og annar starfsmannakostnaður	3.	45.706.909	27.967.729
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	12.	12.516.277	10.882.841
Annar rekstrarkostnaður	13.	4.099.566	3.679.532
Afskriftir	5.	1.385.668	1.385.668
Annar rekstrarkostnaður		63.708.420	43.915.770
Rekstartap		(1.162.853)	(3.300.337)
 Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur	4.	10.505	26.636
Vaxtagjöld	4.	(154.947)	(185.147)
Gengismunur	4.	46.596	(308.681)
		(97.846)	(467.192)
Tap ársins		(1.260.699)	(3.767.529)

31. júlí 2022

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.7.2022	31.7.2021
Eigið fé	7.		
Bakhjarlaframlag		234.971	234.971
Óráðstafað eigið fé		27.627.650	28.888.349
Eigið fé samtals		<u>27.862.621</u>	<u>29.123.320</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	8.	3.546.221	2.102.034
AFS INT.		3.365.082	3.648.921
Fyrirfram innheimtar tekjur		45.546.200	36.499.909
Aðrar skammtímaskuldir	8.	3.187.242	2.596.289
Skammtímaskuldir samtals		<u>55.644.745</u>	<u>44.847.153</u>
Skuldir samtals		<u>55.644.745</u>	<u>44.847.153</u>

Eigið fé og skuldir samtals

83.507.366

73.970.473

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

AFS á Íslandi eru félagasamtök og starfa á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir. AFS eru alþjóðleg fræðslusamtök sem starfa í yfir 50 löndum í öllum heimsálfum. Aðalviðfangsefni samtakanna hér á landi eru nemendaskipti ungmenna á aldrinum 15-18 ára.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi viðskiptabanka þann 31.7.2022. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Gengi 31.7.2022:

	31.7.2022	31.7.2021
EUR	139,17	147,28
USD	136,46	124,18

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum og virðisýrnum ef hún er til staðar.

Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að fráðregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að fráðreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

Skýringar

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum.

Veitt þjónusta

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekins samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Tekjuskattur

AFS á Íslandi eru félagasamtök þar sem fjármagn og tekjuafgangur er notaður til almannaheilla. Félagið fellur undir 5. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 og greiðir því ekki tekjuskatt.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1.8.2021 - 31.7.2022	1.8.2020 - 31.7.2021
Laun	37.089.891	23.847.066
Samgöngustyrkir	209.620	105.000
Lífeyrissjóður	5.003.153	3.166.358
Önnur launatengd gjöld	3.145.087	2.046.914
Áunnið orlof, breyting	(47.425)	(1.429.872)
Annar starfsmannakostnaður	306.583	232.263
Laun og annar starfsmannakostnaður alls	<u>45.706.909</u>	<u>27.967.729</u>
Stöðugildi að meðaltali	3,9	2,7

4. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

	1.8.2021 - 31.7.2022	1.8.2020 - 31.7.2021
Vaxtatekjur	10.505	26.636
Kortagjöld	0	(74.002)
Bankakostnaður	(113.113)	(74.399)
Posaleiga	(31.626)	(35.635)
Dráttarvextir	(10.208)	(1.111)
Gengishagnaður (-tap)	46.596	(308.681)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(97.846)</u>	<u>(467.192)</u>

Skýringar

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Innréttingar og húsgögn	Samtals
Stofnverð 1.8.2021	56.480.590	2.560.557	59.041.147
Afskrifað alls 1.8.2021	(4.586.738)	(1.296.944)	(5.883.682)
Afskrifað á árinu	(1.129.612)	(256.056)	(1.385.668)
Bókfært verð 31.7.2022	50.764.240	1.007.557	51.771.797
Stofnverð alls 31.7.2022	56.480.590	2.560.557	59.041.147
Afskrifað alls 31.7.2022	(5.716.350)	(1.553.000)	(7.269.350)
Bókfært verð 31.7.2022	50.764.240	1.007.557	51.771.797
Afskriftarhlutföll	2%	10%	

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Skipholt 50c, Fnr. 222-6443	62.150.000	75.200.000	50.764.240
	62.150.000	75.200.000	50.764.240

6. Aðrar peningalegar eignir

	31.7.2022	31.7.2021
Viðskiptakröfur		
Innlendar viðskiptakröfur	12.241.400	3.493.976
	12.241.400	3.493.976
Aðrar skammtímakröfur		
Fyrirframgreiddur kostnaður	862.606	781.334
	862.606	781.334
Handbært fé		
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum bönkum	18.631.563	16.537.698
	18.631.563	16.537.698

Skýringar

7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Bakhjarla- framlag	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.8.2021	234.971	28.888.349	29.123.320
Tap ársins	0	(1.260.699)	(1.260.699)
Eigið fé 31.7.2021	234.971	27.627.650	27.862.621

8. Aðrar peningalegar skuldir

	31.7.2022	31.7.2021
Viðskiptaskuldir		
Innlendar viðskiptaskuldir	3.546.221	939.033
Ógreidd endurgreidd þátttökugjöld	0	1.163.001
	3.546.221	2.102.034
Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreidd opinber gjöld	1.075.801	683.190
Ógreidd laun og launtengd gjöld	2.111.441	1.913.099
	3.187.242	2.596.289

Sundurliðanir

	1.8.2021 - 31.7.2022	1.8.2020 - 31.7.2021
9. Rekstrartekjur		
Pátttökutekjur	61.251.842	23.166.511
Enskuskóli	9.071.000	0
Tekjur vegna erlendra nema	15.029.452	9.058.789
Umsóknargjöld	588.000	288.000
Vegabréfsáritanir	233.574	0
Styrkir	4.322.276	21.685.253
Félagsgjöld	122.000	258.000
Tjónabætur	107.088	129.056
Aðrar tekjur	1.415.350	1.690.000
	<u>92.140.582</u>	<u>56.275.609</u>
10. Rekstrargjöld íslenskir nemar		
Pátttökugjöld	14.586.834	5.781.140
Ferðakostnaður	7.305.445	1.860.309
Sjúkratryggingar nema	4.677.192	4.883.956
Vegabréfsáritanir	221.761	82.552
Námskeið	73.353	60.841
Stjórnunarkostnaður INT	0	2.109.142
Rekstur UKA kerfis	165.885	173.170
Lækna og sjúkrakostnaður	0	100.000
	<u>27.030.470</u>	<u>15.051.110</u>
11. Rekstrargjöld erlendir nemar		
Skólagjöld	750.533	182.800
Námsbækur	295.839	164.539
Skólaakstur og SVR	619.450	88.837
Flug og ferðakostnaður	188.793	31.574
Námskeið	541.507	25.796
Lækna og sjúkrakostnaður	28.463	0
Annar kostnaður	139.960	115.520
	<u>2.564.545</u>	<u>609.066</u>

Sundurliðanir

	1.8.2021 - 31.7.2022	1.8.2020 - 31.7.2021
12. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Auglýsingar	2.194.902	603.206
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	381.933	1.047.520
Sími og internet	929.646	485.828
Burðargjöld	0	633
Pappír, prentun og ritföng	81.355	7.595
Bókhald og reikningsskil	1.235.524	1.370.497
Önnur aðkeypt þjónusta	0	8.200
Fundir og deildarstarf	218.703	125.993
Framlag til deilda	49.795	0
Námskeið sjálfboðaliða innanlands	670.174	138.941
Námskeið, fundir og ferðakostnaður starfsmanna	304.771	67.791
Heimspjng	37.250	8.186
Risna	0	6.500
Tryggingar	0	76.190
ESC Sjálfboðaliðar	3.177.724	3.383.644
Stjórnunarkostnaður til AFS INT	3.234.500	3.369.051
Önnur aðildargjöld	0	183.066
	<u>12.516.277</u>	<u>10.882.841</u>
13. Annar rekstrarkostnaður		
Rafmagn og hiti	259.444	230.477
Fasteignagjöld	1.074.254	1.008.002
Vátryggingar húsnæðis	226.036	66.427
Öryggisþjónusta	222.820	248.360
Ræsting og hreinlætisvörur	810.468	722.699
Annar húsnæðiskostnaður	915.282	885.756
Smááhöld	27.585	249.334
Viðhald áhalda og tækja	39.060	0
Ýmis kostnaður	524.617	268.477
	<u>4.099.566</u>	<u>3.679.532</u>

Undirritunarsíða

Ingunn Ólafsdóttir

Ég vona að þetta gangi svona
Hugrún Arna Vigfúsardóttir